

REG 2 Smáralind

Árshlutareikningur 30. júní 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sundurliðanir	7
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur sjóðsins REG 2 er hluti af B-hluta árshlutareiknings Stefnis hf. sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða rekstrarfélagsins. Hann er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Hagnaður 119 þús. krónur varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í júnílok 2020 nam 1.723 þús. króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30 júní 2020 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 24. ágúst 2020

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

Könnunaráritun óháðra endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda hlutdeildarskírteina í REG 2

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning REG 2 fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2020. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2020 og breytingu á hreinni eign sjóðsins á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Reykjavík, 24. ágúst 2020

Deloitte ehf.

Pétur Hansson

endurskoðandi

Árshlutareikningur REG 2 Smáralind fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Rekstrarreikningur og yfirlit um breytingu á hreinni eign á tímabilinu janúar - júní 2020

		1.1. -30.6. 2020	1.1. -30.6. 2019
	Skýr.		
Tekjur	2-5		
Vextir		162.399	141.993
Verðbætur		111.001	158.932
	Tekjur samtals	273.400	300.925
Gjöld			
Umsýsluþóknun rekstrarfélags	6	3.704	(1.569)
Vextir og verðbætur		269.577	302.391
	Gjöld samtals	273.281	300.822
Hreinar tekjur (gjöld)		119	103
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		119	103
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun		1.604	1.395
Hlutdeildarskírteini í lok tímabilsins		1.723	1.498

Efnahagsreikningur 30. júní 2020

		30.6.2020	31.12.2019
	Skýr.		
Eignir			
Fjárfestingar:			
Framseljanleg verðbréf		8.085.953	8.153.836
Fjárfestingar samtals	7	<u>8.085.953</u>	<u>8.153.836</u>
Aðrar eignir:			
Reiðufé	8	137	780
Aðrar eignir	9	1.354	1.222
Aðrar eignir samtals		<u>1.491</u>	<u>2.002</u>
Eignir samtals		<u>8.087.444</u>	<u>8.155.838</u>
Skuldir			
Útgefin skuldabréf		8.083.860	8.151.725
Skuld við rekstrarfélag		1.861	2.509
Skuldir samtals		<u>8.085.721</u>	<u>8.154.234</u>
Hrein eign í lok tímabilsins		1.723	1.604
Fjöldi útgefinna hlutdeildarskírteina (í þús.)		600	600
Gengi hlutdeildarskírteina í lok tímabilsins		<u>2,87</u>	<u>2,67</u>

Sundurliðanir

1. Hlutfallsleg skipting á eignasafni.

	Eignir 30.6.2020	Hlutf. %	Eignir 31.12.2019	Hlutf. %	Útgefandi
Önnur framseljanleg verðbréf:					
Lánssamn. við Eignarhaldsf. Smáralind	8.085.953	100,0	8.153.836	100,0	Eignarhaldsfél. Smáralind ehf.
Önnur framseljanleg verðbréf, alls	8.085.953	100,0	8.153.836	100,0	
Fjárfestingar alls	8.085.953	100,0	8.153.836	100,0	
Reiðufé	137	0,0	780	0,0	
Aðrar eignir	1.354	0,0	1.222	0,0	
Eignir alls	8.087.444	100,0	8.155.838	100,0	

2. Samanburður við fjárfestingarstefnu.

	Fjárfestingar 30.6.2020	Hlutf. af fjárfest. %	Fjárfestingar 31.12.2019	Hlutf. af fjárfest. %	Fjárfestingarstefna %	
					Lágmark	Hámark
Lánssamn. við Eignarhaldsf. Smáralind	8.085.953	100,0	8.153.836	100,0	0	100
Innlán fjármálarfyrirtækja og reiðufé	137	0,0	780	0,0	0	100
Heildarverðmæti fjárfestinga	8.086.090	100,0	8.154.616	100,0		

3. Uppsöfnuð heildar kaup og heildarsala verðbréfa.

	Uppsöfnuð kaup 2020	Uppsöfnuð sala 2020
Innleystar eignir	0	0
	0	0

4. Flokkun fjárfestinga eftir landsvæðum og myntum.

		Fjárfestingar 30.6.2020	Hlutf. af fjárfest. %	Fjárfestingar 31.12.2019	Hlutf. af fjárfest. %
Ísland	ISK	8.085.953	100,0	8.153.836	100,0
		8.085.953	100,0	8.153.836	100,0

Sundurliðanir, frh.

5. Yfirlit yfir stærstu eignir.

	Eignir 30.6.2020	Eignir 31.12.2019	Breyting	Hlutfall br. af heildareign
Lánssamn. við Eignarhaldsf. Smáralind ehf.	8.085.953	8.153.836	(67.883)	(0,8%)
Stærstu eignir (1)	8.085.953	8.153.836	(67.883)	(0,8%)
Aðrar eignir	2.002	8.420	(6.418)	(0,1%)
Heildareignir	8.087.955	8.162.256	(74.301)	(0,9%)

6. Hrein eign og gengi.

	30.6.2020	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2017
Bókfært verðmæti hlutdeildarskírteina	1.723	1.604	1.395	1.213
Kaupgengi hlutdeildarskírteina	2,87	2,67	2,33	2,02

7. Ávöxtun.

	2020	2019	2018	2017
Nafnávöxtun	7,44%	15,00%	15,00%	15,00%
Raunávöxtun	5,81%	12,01%	11,38%	13,04%

8. Útgefin skuldabréf.

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Greiðslur af lánsamningum í júnílok 2020:

	Virði
Til greiðslu 2020-2021	372.512
Til greiðslu 2021-2022	358.667
Til greiðslu 2022-2023	358.667
Til greiðslu 2023-2024	358.667
Til greiðslu 2024-2025	358.667
Til greiðslu síðar	6.276.680
	<u>8.083.860</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Sjóðurinn REG 2 Smáralind var stofnaður 17. desember 2012. Markmið sjóðsins er að ávaxta þá fjármuni, sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufleißi vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánsamnings sem hann hefur gert.

2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur REG 2 Smáralind er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna. Árshlutareikningur sjóðsins er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareikninga þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði árshlutareikningsins, sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við neysliverðsvísitölu sem tók gildi í júlíbyrjun 2020. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning viðkomandi sjóðs.

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörsluþóknun til Arion banka hf. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,10% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

7. Verðbréf með föstum tekjum

Lánsamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánsamningum. Í bókhaldi sjóðsins eru lánsamningarnir uppreiknaðir miðað við neysliverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

8. Reiðufé

Reiðufé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

9. Aðrar eignir

Til annarra eigna teljast óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til lækkunar við gengisútreikning til annarra eigna.

10. Aðrar skuldir

Til annarra skammtímaskulda telst óuppgerður fjármagnstekjuskattur og óframkomin og óuppgerð viðskipti. Auk þess færast frávik á mati eigna til hækkunar við gengisútreikning til annarra skulda.

Skýringar, frh.:

11. Skattamál

Fagfjárfestasjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.